

Nd.

485. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsg. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsg. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr ródri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.